

Fundarstjórn: Reynir
Fundarritari: Sóley
Mættir: Sigríður Herdís, Reynir, Vigdís Diljá og Sóley

Efni fundar:

1. Stytting vinnuvikun ofl.
2. Gjaldskrá leikskóla
3. Covid
4. Dagur leikskólans
5. Önnur mál

1. Stytting vinnuviku

Farið yfir þau áhrif og áskoranir sem felast í styttingu vinnuvikunnar fyrir leikskólastjórnendur. Stutt er síðan réttur kennara til undirbúningstíma jókst auk þess sem sumarfrísréttur starfsfólks lengist í ár. Gerð faliðunarstefnu fyrir leikskólann er orðin aðkallandi í kjölfar allra þessara breytinga sem hafa einnig aukinn kostnað og fjölgun stöðugilda í för með sér.

Fyrirséð er að lengri sumarfrísréttur starfsfólks muni hafa áhrif á sumarlokun leikskólans og/eða inntöku nýrra barna að henni lokinni. Verið er að skoða mismunandi útfærslur til að takast á við þessar breytingar og mun foreldraráð óska eftir aðkomu að þeirri ákvörðun við fjölskylduráð Múlaþings.

2. Gjaldskrá leikskóla

Foreldraráð hvarmar að sveitarfélagið hafi ekki komið til móts við sameiginlegt erindi frá öllum foreldraráðum leikskóla Múlaþings um lækkun leikskólagjalda.

3. Covid ráðstafanir

Tilslakanir á sóttvarnarreglum hafa tekið gildi en þó eru enn ýmsar ráðstafanir enn í gildi. Tvískiptar kaffistofur starfsmanna, foreldrar mega ekki koma inn í leikskólabyggingar auk persónubundinna sóttvarna.

Mikið álag hefur verið á starfsfólki og lýsti Sigga Dís yfir mikilli ánægju sinni með hversu gott starfsfólk hún hafi með sér.

4. Dagur leikskólans

Því miður ekki hægt að hafa opið hús líkt og vanalega en formaður hefur samband við foreldrafélagið um skrif á grein og glaðningi fyrir starfsfólk leikskólans.

5. Önnur mál

Foreldraráð er loksins komið með netfang; foreldrarad.tjarnarskogar@mulathing.is

Stefnum á að skella í kynningu á ráðinu og setja inn á facebook.

Fundi slitið 17:55